# Fundargerð

**470. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, fimmtudaginn 10. febrúar 2022, kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**
Jón Hrafn Karlsson, Katrín Gunnarsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Arndís Jóhanna Harðardóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Björk Jónsdóttir og Bjarki Guðnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sveinn Hreiðar Jensson.
**Fundargerð ritaði:** Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 5 bls. Fundurinn er einnig hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum verður einnig streymt á Youtube; https://www.youtube.com/watch?v=yJ-V3VzP4NI

Jón Hrafn Karlsson varaoddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi:
21. janúar stjórnarfundur Hulu bs
21. janúar fjarfundur með stjórn SASS
25. janúar stöðufundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid-19 með bæjar- og sveitarstjórum
26. janúar upplýsingafundur á vegum Sambandsins vegna hugmynda um stofnun Hses fyrir landsbyggðina
26. janúar vinnufundur vegna Stafrænt Suðurland
28. janúar fyrsti fundur byggingarnefndar gróðurskála við Klausturhóla
31. janúar stjórnarfundur Bergrisans bs
1. febrúar stöðufundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid-19 með bæjar- og sveitarstjórum
1. febrúar stjórnarfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
1. febrúar fundur í vinnuhópi um endurskoðun aðalskipulags
2. febrúar þjónusturáðsfundur Bergrisans bs
3. febrúar vinnuhópur um skjalamál vegna stafrænt Suðurland
3. febrúar forstöðumannafundur
3. febrúar stöðufundur sveitarstjórnar
3. febrúar kynningarfundur Sambandsins á úttekt Eflu vegna PAYT
4. febrúar fundur landeigenda óskipts lands á Kirkjubæjarklaustri vegna lóðarleigusamnings fyrir Klausturvegi 1
8. febrúar stöðufundur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna Covid-19 með bæjar- og sveitarstjórum
8. febrúar upplýsingafundur á vegum Sambandsins vegna fyrirkomulags umdæmisráða barnaverndar á landsvísu
9. febrúar vinnufundur stafrænt Suðurland
9. febrúar fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags

**Fundargerðir til samþykktar**

1. 2202002F - Rekstrarnefnd - 135
   1.1 2112020 - 4. Ráðning hjúkrunarforstjóra

   **Niðurstaða Rekstrarnefnd - 135**

   Rekstrarnefnd mælir með ráðningu Margrétar í stöðuna.

   **Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Margréti Guðmundsdóttur um stöðu hjúkrunarforstjóra Klausturhóla. Sveitarstjórn þakkar Matthildi Pálsdóttur fyrir óeigingjarnt starf í þágu Hjúkrunar- og dvalahreimilisins Klausturhóla og óskar henni velfarnaðar.**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 2202003F - Fræðslunefnd - 178
   2.1 1706012 - Menntastefna Skaftárhrepps

   **Niðurstaða Fræðslunefnd - 178**

   Þar verði fulltrúar kennara Kirkjubæjarskóla, foreldrafélags Kirkjubæjarskóla, Heilsuleikskólans Kærabæjar, foreldra leikskólabarna auk tveggja fulltrúa fræðslunefndar, sem eru Jón Hrafn Karlsson og Fanney Ásgeirsdóttir. Mikilvægt er að skrifa heimsmarkmiðin inn í uppfærða menntastefnu.

   **JHK, SHJ, JBJ og HGÁ staðfesta afgreiðslu nefndarinnar og fela sveitarstjóra að óska eftir tilnefningum ofangreindra aðila og boða til fyrsta fundar í framhaldinu. KG situr hjá við afgreiðsluna**

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

## Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

3. 2202003 - Lokun útibús. Arion banki, dags. 03.02.2022

   *Arion banki tilkynnti þann 3. febrúar sl. lokun útibúsins á Kirkjubæjarklaustri og mun það taka gildi þann 31. mars nk.*

   **Sveitarstjórn Skaftárhrepps mótmælir fyrirhugaðri lokun útibús Arion banka á Kirkjubæjarklaustri. Útibúið þjónar Skaftárhreppi og Öræfum auk allra þeirra þúsunda ferðamanna og nýbúa sem eru á svæðinu tímabundið hverju sinni.**
   **Ljóst er að lokun útibúsins kemur til með að hafa mjög slæm áhrif á íbúa og atvinnulíf svæðisins.**

4. 2202002 - Lausn frá setu úr sveitarstjórn og nefndum. Arndís Harðardóttir, dags. 29.01.2022

   **Sveitarstjórn þakkar Arndísi samstarfið og störf hennar í þágu sveitarfélagsins á síðustu árum og óskar henni velfarnaðar. Z - listi**

JBJ
KG
HGÁ
SHJ
JHK

**tilnefnir eftirfarandi aðila í hennar stað í nefndir á vegum sveitarfélagsins;**
**Jóna Björk Jónsdóttir verður aðalmaður í sveitarstjórn**
**Kristbjörg Hilmarsdóttir verður varamaður í sveitarstjórn.**
**Lilja Magnúsdóttir verður aðalmaður í fræðslunefnd var áður 2. varamaður**
**Heiða Guðný Ásgeirsdóttir verður 2. varamaður í fræðslunefnd og varamaður í rekstrarnefnd Klausturhóla**
**Jóna Björk Jónsdóttir verður varamaður í stjórn Kirkjubæjarstofu**
**Guðni Már Sveinsson verður aðalmaður í fjallskilanefnd Meðallands**
**Kjörstjórn falið að útbúa kjörbréf til handa Kristbjörgu Hilmarsdóttur.**

5. 2202001 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags.02.02.2022

*Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar umsagnar um umsókn frá Giljagistingu ehf. kt. 531213-1490, Giljalandi um leyfi til reksturs gististaðar í Flokki II-H frístundahús fyrir F2241855 - mhl.050101, F2241855 - mhl.060101, F2241855 - mhl.070101*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.**

6. 2102018 - Fyrirspurn vegna vegamála að Orustustöðum. Benedikt Bjarnarson, dags. 28.01.2022

*Fyrir fundinum liggur erindi frá Benedikt Bjarnasyni vegna vegamála að Orustustöðum.*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra, oddvita og lögfræðingi sveitarfélagsins að svara erindinu fyrir sína hönd.**

7. 2202004 - Ósk um samstarf. Háskólinn á Hólum, dags. 31.01.2022

*Háskólinn á Hólum undirbýr í samstarfi við átta evrópska háskóla og rannsóknarstofnanir umsókn í Horizon 2020 sem er styrktarsjóður á vegum Evrópusambandsins. Verkefnið snýr að ferskvatns fiskeldi á nokkrum stöðum í Evrópu þar sem sjálfbærni er í forgrunni. Óskað er eftir því að Skaftárhreppur verði tilgreindur sem samstarfsaðili í umsókninni.*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar verkefninu. Sveitarstjórn samþykkir að Skaftárhreppur verði tilgreindur sem samstarfsaðili að ofangreindri umsókn Háskólans að Hólum. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.**

**Fundargerðir til kynningar**

8. 1801013 -

*32. fundur stjórnar Bergrisans bs., dags. 20.09.2021*
*33. fundur stjórnar Bergrisans bs., dags. 24.11.2021*
*34. fundur stjórnar Bergrisans bs., dags. 10.01.2022*

JBJ
Kg
HGÁ
SHi
JHK

*Stjórnarfundur Hulu bs., dags. 21.01.2022*
*Fundur lögreglustjórans á Suðurlandi með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi, dags. 01.02.2022*
*Fundur lögreglustjórans á Suðurlandi með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi, dags. 06.02.2022*
*906. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 04.02.2022*

**Fundargerðir kynntar**

**Annað kynningarefni**

9. 1801013 -

*Samrit af erindi Vörumiðlunar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna vegamála að Orustustöðum, dags. 26.01.2022*
*Ellefu skref inní framtíðina - stefna og aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið - kynning*
*Stöðuskýrsla teymis um uppbygginguu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19 nr. 18 til ráðgefandi aðila. Félagsmálaráðuneytið, dags. 21.01.2022*
*Umdæmisráð barnaverndar. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 01.02.2022*

**Kynnt**

Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður miðvikudaginn 9. mars 2022.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 10:53.

Jón Hrafn Karlsson

Katrín Gunnarsdóttir

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson